

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur, Stefán Eiríksson og Fanneyju Óskarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Happraætti SÍBS, Happraætti DAS, Íslenskri getsþá sf., Rannsóknamiðstöð Íslands, Happraætti Háskóla Ísland og Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Happraætti DAS og Happraætti SÍBS verði heimilt að greiða út peningavinninga í flokkahappraættum án þess að fellt sé niður einkaleyfisgjald Happraættis Háskóla Íslands. Lagt er til að sett verði hámark á greiðslu happraættisins vegna einkaleyfisins til ríkissjóðs til þess að koma til móts við þessa breytingu.

Nefndin telur að með breytingunni sem lögð er til í frumvarpinu sé í reynd ekki lengur um einkaleyfi að ræða til reksturs Happraættis Háskóla Íslands heldur leyfi eða leyfisgjald vegna rekstursins og leggur því til breytingu á frumvarpinu sem og lögnum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

- Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
Í stað orðsins „einkaleyfi“ í inngangsmálslið, 1. másl. e-liðar 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: leyfi.
- Í stað orðsins „einkaleyfisgjald“ í 1. gr. komi: leyfisgjald.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 2006.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Jónína Bjartmarz.

Birgir Ármannsson.

Kjartan Ólafsson.

Sigurjón Þórðarson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.